



Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 23. mars 2019
Haldinn í Landmámssetrinu Borgarnesi.

Fundur settur kl. 13:15

1. Formaður Anna María Flygenring (AMF) setur fundinn og stingur upp á Ólafi R. Dýrmundssyni (ÓRD) sem fundarstjóra og Önnu Maríu Lind sem Fundarritara. Fundurinn samþykkir.

2. Formaður flytur skýrslu stjórnar. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins. Sjá meðfylgjandi ársreikninga.

Í verkefni ársins 2019 hafrasæðingarstöð, Þórulág á Hvanneyri eru ætlaðar 2.336.502 krónur sem voru lagðar inn í lok árs 2018 svo hægt væri að nota féð 2019. Gjöld ársins 2018 voru m.a. viðurkenningar sem voru veittar nemm Listaháskólans sem að tóku þátt í keppnu um Geitaafurðamerki félagsins og prentun merkissins á límmiða ætlað framleiðendu og félögum til brúks. Guðni Ársæll Indriðason (GÁI) sýnir fundinum rúllu með framangreindum miðum. Önnur útgjöld voru vegna hafurs sem að félagið á. 16000 króna leiðrétting á eigið fé var vegna tvíbókunar sömu summu árið áður en eigið fé er núna rúmar 3 milljónir en megnið mun nýtast í Hafrasæðingastöðina.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Gjaldkeri greinir frá að 56 félagar greiddu félagsgjöld á liðnu ári.

5. Reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir.

6. Árgjald ákveðið; samþykkt 6500 krónur áfram.

7. Umræða og afgreiðsla tillagna:

Tillögur að lagabreytingum á 10 og 11. grein:

Stjórn leggur til eftirfarandi:

10. gr.

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum félagsins, annast greiðslur og innheimtu félagsgjalda og halda félagaskrá. Hann skal fyrir aðalfund ár hvert gera eða láta gera reikningsyfirlit um hag félagsins og leggja reikninga þess endurskoðaða fyrir aðalfund til úrskurðar. Ennfremur skal gjaldkeri félagsins skila reikningsyfirliti fyrir þær nefndir, sem hafa með einhverja fjármuni að gera, og skulu viðkomandi nefndir skila honum reikningsyfirlitum eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund.

11. gr.

Ritari geymir bækur og skjöl félagsins, heldur félagaskrár og ritar gjörðabók á fundum. Ritari hefur umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins og miðlar upplýsingum.

Ástæða breytinga eru að gjaldkeri hefur umsjón með innheimtu félagsgjalda og þar með félagaskrá. Samfélagsmiðlar eru leið félagsins til að miðla upplýsingum og því rökrétt að ritari hafi umsjón með því. Fundurinn samþykkir breytingar.

ÓRD leggur fram eftirfarandi tillögu með það í huga að framþróun verði á skýrsluhaldinu Heiðrúnu:

Alþjóðleg skráning og skýrsluhald fyrir íslenska geitfjáarkynið.

Aðalfundur Geitfjárræktarféлага Íslands, haldinn 23.mars 2019 í Landnámssetrinu í Borgarnesi ályktar:

1) Stjórn Geitfjárræktarfélags Íslands er falið að beita sér fyrir endurskoðun og framþróun skýrsluhaldsforritsins Heiðrúnar þannig að það verði bæði aðgengilegt og nýtilegt öllum eigendum íslensku geitarinnar.

2) Við þessa endurskoðun verði m.a. hugað að litaskráningu, bæði á litum og litaafbrigðum, og leitað sérfræðiaðstoðar eftir þörfum.

3) Því verði beint til Bændasamtaka Íslands að skýrsluhaldskerfið skuli þróað á þann veg að það nýtist til alþjóðlegrar skráningar og skýrsluhalds íslenska geitfjáarkynsins, bæði hér á landi og erlendis.

Greinargerð:

Þar sem ljóst er að úrbóta er þörf eigi skýrsluhaldsforritið Heiðrún að nýtast sem skyldi er eðlilegt að miða þá framþróun við alþjóðlega nýtingu, bæði innan lands og utan. Dæmi um önnur skýrsluhaldsforrit, sem Bændasamtök Íslands hefur látið gera og eru jafnframt notuð utan Íslands, er Worldfengur á heimsvísu og Fjávís á Grænlandi. Nú er að verða til íslenskur geitastofn í Bandaríkjunum hjá þeim JoAnn og Wayne Myers. Í viðræðum við þau hefur þeim litist vel á þá hugmynd mína að allar íslenskar geitur, hreinræktaðar og blendingar, bæði í upprunalandinu Íslandi og utan þess, verði skráðar í sameiginlegan gagnabanka. Hann yrði staðsettur hér á landi. Þar sem ofangreind fordæmi eru þekkt gæti hliðstæð þróun átt sér stað fyrir geiturnar. Litaskráningin er á meðal þeirra þátta sem þarf að endurskoða.

Flutningsmaður: Ólafur R. Dýrmundsson.

Umræður: Magnús Kristjánsson; oft í vafa hvaða litalykla á að nota fyrir liti geita.

ÓRD: Líklegra er að ný litaafbrigði séu að koma fram heldur en litir. Til að úr því sér skoðið þarf rannsókna við. Freyja Imsland hefur rannsakað hrossaliti. Upphaflega voru litir geita og fjár skráðir af Stefáni Aðalsteinssyni. Ef að Heiðrún verður alþjóðlegur skráningarbanki þarf að þýða litarheiti og annað á önnur tungumál.

Jóhanna B Þorvaldssdóttir; Freyja hefur sýnt áhuga á geitalitunum.

Sif Matthíasdóttir: Hver borgar svona rannsókn og uppsetningu?

ÓRD: BÍ gaf út geita litaspjöldin á sínum tíma og fékk fé í verkefnið. Gera verður vandaða greinargerð og skila inn til BÍ.

GÁI; fjárveitingarnar frá hinu opinbera myndu verða eyrnamerktar slíku verkefni ef í það færi. Stjórn myndi vinna í röðun verkefna sem hljóta styrki, en styrkirnir eru til 10 ára og hægt er að forgangsraða innan fyrstu þriggja ára.

Fundurinn samþykkir ályktunina og að stjórn

8.Kosningar samkvæmt 4. grein:

4. gr.

Stjórn GFFÍ fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi, en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn. Stjórn skiptir með sér verkum. Þá skal einnig kjósa á aðalfundi tvo varamenn og tvo skoðunarmenn reikninga félagsins til tveggja ára í senn, skulu þeir kosnir sitt árið hvor. Formaður er fulltrúi félagsins á búnaðarþingi, en kjósa skal varamann á aðalfundi til þriggja ára í senn.

Í framboði til formanns í eitt ár; Anna María Flygenring. Fundurinn samþykkir.

Aðalstjórn:

Anna María Lind Geirsdóttir áfram í eitt ár

Guðni Ársæll Indriðason áfram í eitt ár

Guðný Ívarsdóttir áfram 2 ár

Birna K. Baldursdóttir áfram 2 ár

Varamenn:

Bettína Wunsch; býður sig fram til tveggja ára; fundurinn samþykkir.

Guðmundur Freyr Kristbergsson, varamaður áfram 1 ár.

Skoðunarmenn reikninga:

Magnús Kristjánsson áfram 1 ár.

Vilhjálmur Grímsson býður sig fram til tveggja ára; fundurinn samþykkir.

Fulltrúi á Búnaðarþing: Formaður Anna María Flygenring.

Varafulltrúi á Búnaðarþing til þriggja ára; Guðni Ársæll Indriðason býður sig fram; fundurinn samþykkir.

9. Önnur mál.

AMF: Greinir frá vandræðum með skráningarforritið Heiðrónu þar sem sauðfé breytist í geit, haustbók er enn með myndir af sauðfé á forsíðu. Veltir einnig upp hvort að ásættanlegt sé að kalla veturgamla geit fyrir gemling. T.d. var orðið kiður notað yfir veturgamlar geitur á Norðurlandi. AMF afhendir útprentun skjáskota Eyþóri Einarssyni (EE) ráðunauti geita RLM. Mættur í stað Lárusas Birgissonar (LB) sem er í veikindaleyfi.

LB er tengiliður GFFÍ í sambandi við Heiðrónu. EE stingur upp á að bjóða LB á stjórnarfundi.

LB er búinn að endurlista upp litina og ætlar að taka saman heildarlista yfir það sem þarf að laga því skal senda honum ábendingar. Væri gott ef hægt væri að prenta út Heiðrónu bók fyrir þá sem eru ekki með rafrænan aðgang að Heiðrónu. EE dreifir út blöðum með litalyklum úr geitaskýrsluhaldinu sem þarf að endurskoða. Fjávís og Heiðrún það tengd að Fjávís endurnýjar sig ekki til næsta árs ef Heiðrún hefur ekki verið sent inn.

Umræður um liti og Heiðrónu.

EE: Menn sem eru ekki á lögbýlum og ekki með virðisaukaskatts númer búrekstrar fá ekki styrki frá BÍ.Hver eru ræktunarmarkmið í geitfjárrækt?

Svar GFFÍ ; að viðhalda stofninum sem er í útrýmingarhættu og vinna að því að koma í veg fyrir einrækt með notkun hafræsæðingarstöðvar.

AML: Kynnir Dag geitarinnar í Húsdýragarðinum í Reykjavík 26. maí 2019. Sýnir skissu að banner/ refili sem félagið gæti látið gera fyrir sig. Dagurinn ætlaður almenningi á Höfuðborgarsvæðinu. Kynna geitastofninn og afurðir hans, þarf að vekja áhuga bæði fullorðinna og barna.

ÓRD: hentar ekki geitabændum að stuðningsgreiðslur bundar við lögbýli og VSKnúmer þar sem margir geitabændur eru ekki á lögbýlum og ná ekki tekjum upp í lágmark fyrir VSK númer.

Birna K. Baldursdóttir (BKB) : Gerð var athugasemd við þann lið reglugerðar þegar hún var samin, en ekki tekið tillit til þess

ÓRD hvetur stjórn til að taka upp málið á ný. Hægt að ræða við lögmann BÍ um leiðir til að veita öllu geitabændum aðgang að Heiðrúnu og stuðningsgreiðslur sem eru bundnar við skýrsluhald.

GÁI: Hestamannafélög hafa borgað aðgang að Worldfeng og allir félagar hafa aðgang að skýrsluuhaldinu. Gæti verið lausn fyrir GFFÍ að semja um það við BÍ og þannig fá alla geitaeigendur í félagið.

EE: 80 geitaskýrslur skilað á ári. Langflestir skila sjálfir en sumir gera enn á blaði. Allir 117 geitaeigendur hafa fengið bréf frá MAST um skýrsluhaldið.

Magnús Kristjánsson (MK) hvetur stjórn til að koma á fót afurðaskráningu fyrir geitabú. EE og stjórn GFFÍ taka undir.

Fundi slitið kl 15.

Ársskýrsla stjórnar Geitfjárræktarfélag Íslands 2018-2019

Flutt á 28. aðalfundi GFFÍ í Borgarnesi 23.mars 2019

Fyrsti stjórnarfundur nýkjörinnar stjórnar var haldinn 24.apríl og fyrir utan nýkjörinn formann Önnu Maríu Flygenring skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Anna María Lind Geirsdóttir ritari, Guðni Ársæll Indriðason gjaldkeri, Birna K. Baldursdóttir og Guðný Ívarsdóttir meðstjórnendur. Varamenn höfðu verið kosnir Bettina Wunsch og Guðmundur Freyr Kristbergsson.

Fjöldi geita 2018 eru samkv. Hagstofu Íslands 1488 á 117 búum og er fjölgun frá fyrra ári 188 geitur.

Eitt fyrsta verk stjórnar var að fara yfir stöðu ýmissa verkefna, m.a. samstarfið við Matís og Matarauð Íslands, merkið um geitaafurðir, heimasíðuna o.fl. Samin var tillaga um notkun merkisins og pantaðar límrúllur til merkinga á afurðum.

Í maí og apríl var umræða um þáttöku í landbúnaðarsýningunni. Kostnaður við að leigja bás var það hár að félagið sá sér ekki fært að vera með sér bás, en fékk að vera undir merkjum BÍ. Anna María Lind tók að sér alla umsjón, skipulag við sýninguna og lét prenta lítil spjöld (póstkortastærð) með kynningu á geitum og félaginu.

Formaður og stjórn voru í sambandi við Ólaf Reykdal í Matís með stöðu verkefna og í lok maí var skýrslu um kjötmatið skilað til Matarauðs Íslands.

Í júní var mest áhersla lögð á að koma merkinu af stað til notkunar fyrir félagsmenn, semja reglur um það og auglýsa það. Þetta tafðist um nokkar vikur enda sumarið ekki notadrjúgur tími, vegna anna og sumarleyfa.

Í október og nóvember var auk landbúnaðarsýningar, sem áður er getið, fundur með Ólafi Reykdal, Óla Þór Hilmarssyni og Þóru Valsdóttur í Matís, farið yfir stöðuna og framhaldið. Að því loknu var gerð SVÓT greining á geitfjárrækt á Íslandi í samvinnu stjórnar og Matís.

Samhliða var unnið að öðrum málum, haft var samband við Borgarsögusafn vegna hugmynda um að halda Dag geitarinnar. Í ljós kom að ekki væri grundvöllur fyrir samstarfi á þeim vettvangi en næst rætt við Verkefnastjórn Húsdýragarðsins og var erindinu vel tekið. Niðurstaða þeirra viðræðna var að ákveðið er að 26.maí n.k. verður Dagur geitarinnar og haldinn í Húsdýragarðinum. Lögð verður áhersla á fræðslu og kynningu á geitunum sjálfum ásamt því að kynna afurðir þeirra.

Þá er það Heiðrún, skýrsluforritið okkar, geitabændur hafa kvartað talsvert yfir ýmsum atriðum í forritinu. Stjórn hefur skoðað þetta mál og sent beiðni um umbætur. Ljóst er að geitaræktin er ekki framarlega á verkefnalista RML, sem sér um skýrsluhaldið. Lárusi Birgissyni og Eyþóri Einarssyni var boðið á fundinn til að fara yfir þessi mál en Larús gat ekki þegið boðið vegna veikindaleyfis. Eyþór kemur vonandi eða hans staðgengill.

Sæðingamál . Birna K. Baldursdóttir hefur haft umsjón með þeim málum og átt viðræður við hæstráðendur við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, en eins og fram hefur komið oft áður hefur sæðingastarf verið án húsnæðis og án fastrar aðstöðu. Í lok árs 2018 tókst að undirrita leigusamning við LBH um aðstöðu í Þórulág, sem áður hýsti holdanaut o.fl. Gera þarf talsverðar endurbætur til að húsnæðið fái samþykkt til sæðistöku og einangrunar hafra. Er nú þegar hafin tiltekt og smíðar undir stjórn Birnu. Fjármagn í sæðingarstöð fást frá framlögum ríkisins til geitfjárræktar og sendi Guðni gjaldkeri kostnaðaráætlun til Búnaðarstofu fyrir áramót.

Í byrjun janúar 2019 var stjórnarfundur og farið yfir ýmis mál, m.a. berast tölvupóstar reglulega frá BÍ. Eitt erindið var frá samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga og sendi stjórn svar eftir samlestur innan stjórnarinnar. Einnig var fundur með þeim Matís mönnum, sem eru alltaf á vaktinni með næstu skref. Þeir höfðu sent okkur drög að mjaltaleiðbeiningum sem við lásum yfir og gátum sent athugasemdir við. Matvælastofnun hefur nú lagt blessun sína yfir bæklinginn, sem er aðgengilegur á netinu. Til umræðu var einnig niðurstöður úr kjötrannsókninni, en nokkrir geitabændur létu Matís í té kjötskrokka án endurgjalds. Til að bæta þeim upp er þeim boðið til matarveislu í Matreiðsluskólanum næsta föstudag 29.mars ásamt stjórnarmönnum. En sá skóli tók

við hluta kjötsins til að gera tilraunir með uppskriftir og jafnvel nýjar aðferðir við eldun og matreiðslu kiða og geitakjöts.

Matís fékk einnig mjólkursýni frá nokkrum bændum til rannsókna og verða þær líka birtar og sennilegt að fjármagn til framhaldsrannsókna fáist.

Matísmenn og félagið óskuðu eftir að geitabændur létu í té upplýsingar um kjötmat sinna sláturgripa. Það eru nauðsynlegar upplýsingar til að geta hamrað á að sláturhúsin standi við sitt um að skila flokkun og til að hægt sé að endurmennta kjötmatsmenn. Um þessar niðurstöður skilar Matís svo skýrslu og við njótum þeirrar vinnu í vonandi betra mati.

Geitfjárræktarfélagið gerðist aðili að landbúnaðarklasanum <https://www.landbunadarklasinn.is> en hans hlutverk er að leiða saman framleiðendur og frumkvöðla, og stuðla að nýsköpun og fagmennsku.

Uppspuni <https://uppspuni.is> er lítil spunaverksmiðja austur í Rangárvallasýslu og hefur hún tekið við fiðu í vinnslu og spuna fyrir geitabændur. Það er mikill kostur að hafa aðgang að henni, og þurfa ekki að senda fiðu út til vinnslu. Hulda og Tyrfingur sem stofnsettu og reka hana leggja áherslu á að fiðan sé hrein og að tekið sé við henni í júní, þá er helst tími frá vinnslu á sauðfjárullinni hjá þeim. Hvetja þarf geitabændur til að kemma sínar geitur og fara vel með fiðuna, hún er verðmæt.

Fundir. Stjórnarfundir voru 5 en allmargir síma- og tölvufundir jafnhliða. Formaður sótti fund BÍ um markaðs- og ímyndarmál landbúnaðarins og einnig ársfund BÍ 15.mars s.l. Guðný Ívarsdóttir sótti formannafund BÍ í forföllum formanns. Fróðleg er seta á slíkum fundum, mikið fjallað um félagsmál innan kerfisins og stöðu landbúnaðar, sérstaklega er varðar innflutning á kjöti. Umræðan um innflutning á kjöti hefur beint sjónum að sýklalyfjaónæmi, vá nútímans og ekki vanþörf á að skoða þau mál. Hvað varðar heilbrigði búfjárstofna og varðveislu stofna eins og geitanna okkar gæti orðið mikið áfall ef sjúkdómar bærust hingað sem geitastofninn er óvarinn fyrir. Oft er sagt að góð tenging sé á milli ferðamennsku og þess að halda geitur, en þá ber að fara varlega, ferðamenn gætu allt eins borið hættulega sýkla eins og innflutt kjöt. Förun því varlega kærur bændur. Það er okkar að verjast.

Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til þeirra geitabænda sem lögðu til kjöt og mjólk í rannsóknir Matís.

Kæru félagar. Að lokinni þessari yfirferð um starf félagsins sýnist mér að starfið hafi verið fremur blómlegt. Mörg verkefnanna voru komin á gott skrið í tíð fyrri formanns og stjórnar og fyrir það ber að þakka. Alltaf má gera betur, og bíða mörg verkefni, mest liggur á að gera sæðingastöðina tilbúna. Að lokum vil ég þakka stjórninni mjög gott og ánægjulegt samstarf.